

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169/1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðarinnar (sbr. 1. gr. rgl. nr. 427/1980) orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulið tekur þó ekki til sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 77/1980 um vörugjald með áorðnum breytingum sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær heldur ekki til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis þó það sé ekki gjaldskylt samkvæmt lögum um vörugjald.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. október 1981.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Nesjahreppi A-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Hundahald er óheimilt í Nesjahreppi nema með leyfi sveitarstjórnar.

2. gr.

Leyfi til hundahalds í hreppnum er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins. Þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi hefur verið veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skal upphæð þess við það miðuð. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hunds til n. k. júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hundar, sem notaðir eru á lögbýlum í hreppnum við búrekstur eru undanþegnir þessu gjaldi en hlíta samþykkt þessari að öðru leyti.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýnir að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski ekki ró hreppsþúa og séu hvorki þeim né öðrum til óþæginda og valdi ekki óróa né skaða í búfénaði. Skylt er hundeiganda í þéttbýli að láta hunda sína ekki ganga lausa utan eigin lóðar. Jafnframt er eigendum þarfahunda á lögbýlum skylt að sjá til þess að hundar þeirra flækist ekki um lausir í hreppnum.
- e) Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúar samþykki slíkt og skal leggja

fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds. Gildir það þar til sveitarstjórn berst skriflegt afturköllun frá einhverjum íbúa hússins.

- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot gegn skilyrðum á samþykkt þessari skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir í vörslu sé um minniháttar brot að ræða. Skal eigandi hunds þá leysa hann út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds.

Hreppsnefnd er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Hundar úr nærliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðrir ómerktir hundar skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram eða vitji hans innan tveggja sólarhringa hefur lögreglan heimild til að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra ekki innan eins sólarhrings og svara ekki til saka fyrir brot á samþykkt þessari hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og þeim lógað þegar í stað.

5. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skulu þeir tilkynna sveitarstjóra tafarlaust um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

6. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Nesjahrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, og lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. september 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson

Ingimar Sigurðsson.

30. september 1981.

Nr. 566.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir útgáfuna Skálholt, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 30. september 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir útgáfuna Skálholt.

Kirkjuráð þjóðkirkju Íslands stofnar hér með til sjálfseignarstofnunar með eftirfarandi skipulagsskrá: